



Alþingi Íslendinga  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 17. febrúar 2003

Efni: **Umsögn sýslumannsins á Ísafirði um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Þskj: 427 - mál 375.**


Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur móttekið bréf Allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn hans á frumvarpi til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Af því tilefni sendir sýslumaðurinn á Ísafirði svohljóðandi:

**u m s ö g n**

Sýslumaðurinn á Ísafirði fagnar fram komnu frumvarpi til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn og telur að hér sé um mikla réttarbót að ræða.

Telja verður að rétt hefði verið að skilgreina hugtakið *stjórnvöld* nánar í lagatextanum, í samræmi við þá merkingu sem fram kemur í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins, enda er hugtakið *stjórnvöld* almennt notað í víðari merkingu en við á í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður B. Guðjónsdóttir

